

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTAN

Upplýsingar, fræðsla, stuðningur og ráðgjöf



Krabbameinsfélagið

Ráðgjafarþjónusta

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er upplýsinga- og stuðningsþjónusta fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og fyrir aðstandendur.

Markmið **Ráðgjafarþjónustunnar** er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í lífinu eftir þær breyttu aðstæður sem greining krabbameins veldur. Hjá **Ráðgjafarþjónustunni** er boðið upp á fræðslu, viðtöl, faglega ráðgjöf, djúpslökun, ýmis námskeið og hagnýtar upplýsingar um réttindi fólks með krabbamein.

.....

Ráðgjafarþjónustan er öllum opin og hægt er að koma án þess að gera boð á undan sér.

Opið kl. 9-16 virka daga á 1. hæð í Skógarhlíð 8, Reykjavík.

.....

Þjónustan er fólki að kostnaðarlausu.
Gjaldfrjáls símtöl og símsvari: 800 4040

Ráðgjafarþjónustan er á 1. hæð í húsi Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8. Húsnæðið er heimilislegt og þar er hægt er að setjast niður og fá sér hressingu.

Í **Ráðgjafarþjónustunni** getur fólk hitt hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og fleiri fagaðila. Þar er einnig hægt að hitta fólk sem er í krabbameinsmeðferð eða hefur lokið henni.

UPPLÝSINGAR

Svarað er í síma **800 4040** alla virka daga kl. 13-15. Einnig er hægt að senda tölvupóst á radgjof@krabb.is

STUÐNINGUR

Sálfélagslegur stuðningur í formi samtals, slökunar og hvatningar er í boði fyrir einstaklinga og minni hópa. Einnig er í boði jafningjastuðningur.

RÁÐGJÖF

Ráðgjöf um forvarnir, helstu einkenni krabbameins, ýmis úrræði og hagnýt mál er tengjast veikindunum svo sem réttindamál. Auk upplýsinga um stuðningshópana og krabbameinsfélög á landsbyggðinni.

FRÆÐSLA

Ýmis námskeið og fyrirlestrar eru í boði. Einnig eru örráðstefnur haldnar á veturna. Dagskrá og helstu atburði má sjá á vefsíðu félagsins, krabb.is.

Krabbameinsfélag Íslands
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík

símar 540 1900 / 800 4040
radgjof@krabb.is
krabb.is

.....
Ráðgjafarþjónustan er opin virka daga kl. 9-16